

Framtíðarheimili Byggðasafns Dalvíkurbyggðar

Þarfa- /valkostagreining

Greinargerð



Niðurstöður vinnuhóps um húsnæðismál Byggðasafnsins

Greinargerð unnin af vinnuhópi vegna byggðasafns og húsnæðismála

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Frumathugun	2
Hlutverk Byggðasafnsins og ábyrgð Dalvíkurbyggðar	3
Skýringar og hugtök	3
Varðveisla Menningarminja, varðveislurými og núverandi staða	4
Hagsmunaaðilar	4
Parfagreining	5
Parfagreining fyrir sýningarrými	6
Parfagreining fyrir varðveislurými	7
Samanburður valkosta	8
A - Ráðhús (með eða án tengingu við Berg)	8
B - Nýbygging/ viðbygging við Berg	10
C - Gamli skóli	11
D - Gamla frystihúsið	13
Niðurstöður og mat vinnuhóps	15

Inngangur

Eins og staðan er í dag hefur Byggðasafn Dalvíkurbyggðar ekkert sýningarrými sem stendur almenningi opið. Allur safnkostur safnsins er varðveittur í tveimur ólíkum varðveislurýmum. Annars vegar í kjallara ráðhússins og hins vegar í leigurými á Holtinu (gamla kjúklingabúinu).

Á 372. fundi sveitarstjórnar þann 22. október sl. Lagði Freyr Antonsson, forseti sveitastjórnar til að formaður yrði vinnuhópur vegna byggðasafnsins og húsnæðismála.

Hópurinn var skipaður samkvæmt erindisbréfi og hafði þann tilgang/hlutverk að koma sér saman um 2-3 kosti (eða fleiri) sem verða til skoðunar fyrir framtíðarheimili byggðasafnsins með niðurstöður úr skýrslu Gagarín að leiðarljósi. Að framkvæma frumathugun þar sem þeir kostir sem koma til greina eru dregnir fram, greindir og metnir. Að afla nauðsynlegra gagna sem draga fram kosti og galla hvers valmöguleika fyrir sig. Að leggja mat á kosti og ókosti þeirra valmöguleika sem voru til skoðunar og gera byggðarráði og sveitastjórn kleift að taka ákvörðun um framtíðarhúsnæði fyrir Byggðasafn Dalvíkurbyggðar.

Vinnuhópin skipa:

Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður safna og Menningarhússins Bergs

Freyr Antonsson, forseti sveitarstjórnar og fulltrúi Byggðarráðs í vinnuhópi

Lovísa María Sigurgeirsdóttir, formaður menningarráðs og fulltrúi menningarráðs í vinnuhópi

Helga Íris Ingólfssdóttir, deildarstjóri Eigna- og framkvæmdadeildar

Emil Júlíus Einarsson, aðalmaður í skipulagsráði og fulltrúi skipulagsráðs í vinnuhópi

Frumathugun

Frumathugun skal ávallt vera fyrsti áfangi í ferli opinberra framkvæmda. Á því stigi fær verkefnið eða framkvæmdin sem taka á til skoðunar efnislega meðferð og könnun með það að markmiði að leiða í ljós þörf, umfang og helstu forsendur verkefnisins. Þó að hér sé að ræða afmarkaða úttekt á vegum sveitarfélags skal stuðst við svipað form og fylgt er í gerð frumathugunar. Vel mætti túlka þetta sem þarfa- og/eða valkostagreiningu. Í upphafi eru dregnir fram þeir kostir sem koma til greina við lausn verkefnisins, hagkvæmni þeirra er metin og gerð er rökstudd tillaga um eina til tvær tillögur. Allar tillögur eru teknar til ítarlegrar skoðunar og geta falist í kaupum eða leigu á mannvirki undir starfseminu, að

lagt verði til að farið verði í byggingu mannvirkis eða að verkefnið verði leyst með öðrum hætti.

Afurðin er greinargerð sem vinnuhópur um byggðasafnið og húsnæðismál leggur fyrir Bygðarráð sem síðan tekur afstöðu um framhaldið ásamt Sveitastjórn.

Hlutverk Byggðasafnsins og ábyrgð Dalvíkurbyggðar

Byggðasafn Dalvíkurbyggðar var formlega opnað 12. Desember árið 1987. Eigandi safnsins er Dalvíkurbyggð og er kostnaður af rekstri safnsins greiddur úr sjóði sveitarfélagsins samkvæmt fjárhagsáætlun hvert ár. Safnið í skilningi safnalaga er varanleg stofnun sem starfar í þágu almenninga og er ekki rekin í hagnaðarskyni - það skal vera opið almenningi. Byggðasafnið Hvoll starfar samkvæmt gildandi safnalögum, nú safnalög nr. 140/2011 og siðareglum ICOM, alþjóðaráðs safna.

Meginhlutverk byggðasafnsins með vísan til Safnalaga er að safna, skrásetja, forverja, varðveita, rannsaka og kynna menningarsögulegar minjar byggðarinnar. Það er hlutverk safnsins að sýna/kynna/miðla á sem eðlilegastan hátt muni byggðarlagsins og náttúrugripi sem safninu kann að hafa áskotnast á hverjum tíma, setja upp sérsýningar á eigin vegum eða í samvinnu við aðrar stofnanir.

Byggðasafn Dalvíkurbyggðar er viðurkennt safn frá og með árinu 2014 og lútir þar með skilyrðum 10 gr. Safnalaga nr. 140/2011.

Skýringar og hugtök

Sýningarrými

Hér eftir verður talað um sýningarrými sem þann hluta safnsins sem hýsir sýningar og tekur á móti gestum.

Varðveislurými

Hér eftir er rætt um varðveislurými sem þann hluta safnsins sem varðveitir gripi sem ekki eru í sýningarrými og er óaðgengilegt gestum. Aðeins starfsmenn og aðrir viðkomandi hafa aðgang að varðveislurýmum og um þau gilda skýr viðmið.

Ekki er nauðsynlegt að hafa sýningarrými og varðveislustað á sama stað þó það geti talist heppilegra á fámennum vinnustað og þegar þess gefst kostur.

Varðveisla Menningarminja, varðveislurými og núverandi staða

Líkt og fram hefur komið er safnkostur Byggðasafnsins varðveittur í tveimur ólíkum varðveislurýmum. Annars vegar í kjallara Ráðhúss Dalvíkur og hins vegar í miðjubili á Holti með inngang í norður.

Núverandi aðstæður eru vel viðunandi í þessu millibils ástandi sem nú ríkir. Lagt hefur verið kapp á að tryggja sem öruggastar aðstæður fyrir safngripina á meðan ekki hefur verið tekin varanleg ákvörðun um framtíðina. Halda þarf áfram að tryggja örugga varðveislu gripanna og vinna áfram að uppbyggingu varðveislustaða á meðan á þessu tímabili stendur.

Kjarninn í öllu safnastarfi er varðveisla menningararfleifarinnar því án hennar eru önnur markmið um að rannsóknir og miðlun ómöguleg. Það er því mikilvægt verkefni samhliða uppbyggingu nýs Byggðasafns að endurskoða söfnunarstefnuna, setja skýra sýn um hvað er geymt og hvernig staðið er að því til framtíðar.

Hagsmunaaðilar

Hagsmunaaðilar þessa verkefnis eru íbúar samfélagsins, skólastofnanir í nágrenninu, starfsfólk safnanna, íbúar nærliggjandi sveitarfélaga, ferðaþjónustuaðilar á svæðinu og ferðamenn (innlendir og erlendir) sem sækja safnið.

Hagsmunaaðilar	Hlutverk	Væntingar
Íbúar	Notendur þjónustu	Varðveisla sé tryggð, sýningar standi fólki opnar, aukin tenging við menningarverðmæti samfélagsins
Starfsfólk menningarstofnana sveitarfélagsins	Þjónusta við íbúa	Góð starfsaðstaða og sýningaraðstaða til framtíðar
Skólastofnanir Dalvíkurbyggðar	Fræðsla til nemenda	Öflug safnfræðsla og tenging nemenda við sögulega og menningartengda arfleið samfélagsins. Hægt að tengja við aðalnámskrá grunnskóla.
Íbúar/söfn nærliggjandi sveitarfélaga	Fræðandi og spennandi afþreying í næsta nágrenni. Tenging og samstarfsmöguleikar við	Áhugaverð framsetning á menningarminjum sem laðar að gesti úr nærliggjandi samfélögum

	önnur söfn á Eyjafjarðarsvæðinu	
Ferðamenn	Spennandi og eftirsóknarverð menningarleg afþreying í Dalvíkurbyggð	Áhugaverð og fræðandi afþreying í Dalvíkurbyggð sem dregur að innlenda og erlenda ferðamenn
Ferðaþjónustuaðilar	Samstarfsaðili í menningartengdri ferðaþjónustu	Eykur fjölbreytt framboð afþreyingar á svæðinu og styrður við og styrkir þannig þjónustu starfandi ferðaþjónustuaðila á svæðinu.
Fræðimenn	Þjónusta við rannsóknir	Fræðimenn geta nálgast heimildir og nýtt aðstöðu til rannsókna.

Parfaggreining

Byggðasafn Dalvíkurbyggðar er sem stendur húsnæðislaust að undanskildum tveimur ólíkum varðveislustöðum sem varðveitir allan safnkost safnsins. Safnið var staðsett í Hvoli sem stendur við Karlsrauðatorg. Gamalt íbúðarhúsnæði sem var innréttað og opnað sem safn árið 1987. Sýningin féll vel að upprunalegri byggingu hússins. Mismunandi sýningar voru í litlum herbergjum og lítil geymsla í viðbyggingu vestan megin við húsið. Ein skrifstofa var í húsinu sem jafnframt var notuð sem afdrep fyrir sumarstarfsmenn en aðstöðu fyrir starfsmenn á Hvoli var verulega ábótavant.

Húsnæðið Hvoll er 300,1 fm, það er á þremur hæðum sem tengdar eru með þremur bröttum stigum. Á fyrstu og annarri hæð eru þröskuldar og gólfhæð ekki alltaf sú sama. Það gerir fólki sem á erfitt með gang erfiðara fyrir og eykur líkurnar á að reka fætur í. Þriðja hæðin er að mestu undir súð og aðgengi þar heldur ekki til fyrirmyndar þó það hafi sinn sjarma. Á þriðju hæð var einnig möguleiki á að hafa neyðarstiga sem þó hafði ekki verið standsettur sem örugg flóttaleið. Á meðan sýning var í Hvoli var ekki hægt að ljós, hita og raka stýra rýminu. Húsið var komið á viðhaldstíma er varðar þak, glugga, einangrun, klæðningu og margt fleira. Eins og lesa má voru margvíslegar ástæður fyrir því að húsið hentaði ekki lengur sem sýningarhúsnæði fyrir safnkost byggðasafnsins.

Hægt er að fara margvíslegar leiðir til að þarfagreina sýningar- og varðveislurými en mikilvægast er að rýmið sé sveigjanlegt og sýningarbúnaður þess eðlis að starfsmenn geti fært hann til, aðlagð sýningar og sinnt eðlilegu viðhaldi. Þannig er tryggt að starfið verði sjálfbærara til framtíðar.

Parfaggreining fyrir sýningarrými

Til að parfagreina fermetra sem þyrfti fyrir nýtt sýningarrými má ganga út frá því að þeir yrðu aldrei færri en fermetrafjöldi Hvals, þ.e. 300 fermetrar. Æskilegt væri að gera ráð fyrir að minnsta kosti 100-200 fermetrum til viðbótar en auðvitað getur það verið breytilegt eftir því hvernig sýningarrýmið er upp sett.

Þar fyrir utan má benda á að varðveisluhúsnæði á Holtinu telur u.þ.b. 500 fermetra og er ansi vel nýtt ef miðað er við brettin á gólfleti.

Byggðasafninu hefur hingað til verið skipt upp í þrjár deildir; hefðbundið munasafn, náttúrugripasafn og minningarstofur um þekkta einstaklinga byggðarlagsins.

Æskilegt væri að hafa sýningarsal opið rými sem hægt að stúka af með hreyfanlegum veggjum (sem ná ekki alla leið upp í loft). Þannig er hægt að samnýta loftræstingu og öryggismyndavélabúnað. Æskilegt er að ganga út frá því að rýmið hafi margskonar útstillingarmöguleika til að starfsmenn geti breytt sýningum án þess að fá aðkeypta sérfræðiaðstoð í hvert skipti.

Sýningarbúnaður þyrfti að vera á hjólum svo hægt sé að færa hann til með einföldum hætti.

Gera þarf ráð fyrir geymslu fyrir sýningarbúnað ef hann er breytilegur, þ.e. geymsla sem hýsir annað en safnkost. Þessi geymsla gæti einnig hýst varðveisluöskjur og nauðsynlegan búnað til þökkunar.

Gera þarf ráð fyrir starfsmannaaðstöðu þ.e. skrifstofum, fundarherbergi, kaffiaðstaða og salerni fyrir starfsmenn. Athugið að ef sýningarsalur væri byggður við húsnæði sem þegar hefur þessa kosti væri hægt að samnýta þessi rými að einhverju, jafnvel öllu leiti.

Gera þarf ráð fyrir loftræstingu, hita, raka og ljósstýringu í öllum rýmum út frá kjöraðstæðum hvernar deildar og ávallt leitast við að halda þessum þáttum stöðugum þrátt fyrir árstíðasveiflur.

Gera þarf ráð fyrir viðeigandi öryggisbúnaði s.s. viðvörunarkerfi, úðarakerfi, öryggismyndavélum, neyðarútgangi og slökkvitækjum.

Dagsljós skal reyna að takmarka nema það sem það á við. Annars skal notast við viðurkenndan ljósabúnað sem stilltur er í samræmi við varðveisluskilyrði eftir tegund gripa.

Mikilvægt að hafa skaðvaldavöktun í gangi eða reglulegt skordýraeftirlit.

Gera þarf ráð fyrir vinnu og móttökurými með ljósmyndaaðstöðu (gripir flokkaðir, hreinsaðir og myndaðir áður en þeir eru skráðir) Þetta rými væri líka hægt að nýta sem undirbúning fyrir sýningar. Þetta rými gæti líka verið staðsett í samneyti við varðveislurými ef það er á öðrum stað.

Æskilegt að hafa rými sem er með aðstöðu fyrir frystikistur/skápa eða frystiklefa. Ef varðveislurými er á öðrum stað má einnig gera ráð fyrir þessu rými þar ef það hentar betur.

Parfaggreining fyrir varðveislurými

Allur safnkostur Byggðasafnsins í dag er varðveittur í geymslu í kjallara Ráðhússins og á Holtinu. Ráðhúsgeymslan er tæplega 90 fm og Holtið er u.þ.b. 500 fm.

Ef gert er ráð fyrir varðveislurými á sama stað og sýning þarf að vera hægt að koma munum með einföldum hætti inn í varðveislurými, þ.e. hægt að keyra inn með bretti í gegnum lyftu eða hurðarop. Aðgengi þarf að vera beint - ekki hægt að gera ráð fyrir að ferja muni um stiga.

Varðveislurými þarf að áætla með það í huga að fleiri munir bætist við til framtíðar.

Mikilvægt að skoða möguleika á samnýtingu varðveislurýma fyrir byggðasafn og héraðsskjalasafn þar sem þörf á nýjum skjalaskápum fyrir héraðsskjalasafnið mun verða staðreynd á næstu 2-3 árum.

Gera má ráð fyrir því að stór hluti muna sem nú er í geymslu fari á sýningu svo að varðveislurými þyrfti ekki telja jafn marga fermetra og að gerir í dag við núverandi aðstæður.

Hafa þarf í huga eftirfarandi þætti við uppsetningu varðveislurýma

- Varðveislurými eru ætluð fyrir varðveislu á safnkosti og umsýslu með hann.
- Ef safnkosti er raðað í tveggja hæða hillurekka á brettum skal hafa lyftara á staðnum. Hann skal hins vegar geymdur í afmörkuðu rými á öðrum stað en safnkosturinn sjálfur.
- Það skal vera loftræstibúnaður með kolasíum sem hindrar utanaðkomandi mengun.
- Ekkert dagsljós skal berast inn í varðveislurými
- Varast skal pípulagnir í lofti eða á óæskilegum stöðum.
- Æskilegt er að safnkostur sé flokkaður með einhverjum hætti, t.d. eftir stærð, tegund eða efni til þess að hægt sé að tryggja kjöraðstæður fyrir gripina.
- Húsið skal hafa viðeigandi brunahólf ásamt bruna og innbrotsviðvörðunarkerfi þar sem það á við.
- Í brunahólfum ætti að vera vatnsúðakerfi eða gasslökkvibúnaður - það fer eftir safnkosti. Gasslökkvibúnaður á við um ljósmyndir, filmur og textíll.
- Æskilegt er að frágangur á lóð sé malbik eða annað rykheftandi yfirborð. Mikil hætta er á því að ryk berist inn í gegnum hurðar og setjist á safngripi ef það er mól umhverfis húsið.

- Rýmin skulu vera hita, raka og ljósstýrð og skulu hafa ljósmæla, U.V mæla og hita og rakamæla sem reglulega er lesið af til að fylgjast með sveiflum.
- Varðveislurými skal vera vel einangrað til að draga út hitasveiflum af náttúrulegum árstíðabundnum veðursveiflum.
- Gera skal ráð fyrir móttökuherbergi eða herbergi þar sem hægt er að setja muni í einangrun.
- Æskilegt að hafa rými sem er með aðstöðu fyrir frystikistur/skápa eða frystiklefa.
- Æskilegt er að það sé rými/aðstaða fyrir skráningu, hreinsun og pökkun safngripa ásamt lager fyrir pökkunarefni.
- Æskilegt að það sé rými fyrir ljósmyndun og umsýslu safngripa.
- Það þarf að vera geymslurými fyrir verkfæri eða smíðaverkstæði, hægt væri að samnýta það fyrir geymslurými fyrir búnað, t.d. sýningarbúnað og annað sem telst ekki til safnmuna.
- Varðveislurýmið þarf að vera læst og óaðgengilegt óviðkomandi aðilum.
- Rýmið skal hafa skaðvaldavöktun í gangi (skordýraeftirlit)
- Allar hillur skulu vera a.m.k. 15 cm frá gólfi og festar við gólf eða vegg. Þær skal einnig fódra með undirlagi og tryggja að burðarþol sé nægilegt.

Samanburður valkosta

- a. Ráðhús Dalvíkur
- b. Nýbygging / Viðbygging (við Berg)
- c. Gamli skóli
- d. Gamla frystihúsið

A - Ráðhús (með eða án tengingu við Berg)

Taka fyrir fyrstu hæð ráðhússins og umbreyta henni í sýningarrými fyrir byggðasafnið. Þessi kostur kæmi til greina með eða án tengingar við Menningarhúsið Berg.

Hægt væri að útbúa annan inngang á safnið sem snýr í suður og tengja þannig inngang safnsins betur við Menningarhúsið Berg með aðlaðandi útisvæði.

Kostir:

- Nálægð við Menningarhúsið Berg og annað menningarstarf á svæðinu.
- Staðsett miðsvæðis og stuðlar þannig að uppbyggingu miðbæjar á Dalvík.

- Tækifæri á að skapa skemmtilegt útisvæði fyrir framan safnið.
- Tækifæri á samlegðar áhrifum varðandi nýtingu á starfsfólki milli menningarstofnana.
- Húsnæði í eigu sveitarfélagsins sem er komið á viðhaldspörf.
- Karl Erik Rocksén arkitekt hússins hefur gefið blessun sína á breytingar á húsinu eftir þörfum og aðstæðum hvers tíma (mikilvægt að fá þetta samþykki skriflegt). Fanney Hauksdóttir arkitekt af Bergi hefur einnig lýst yfir samþykki og samstarfsvilja ef það er áhugi á að tengja ráðhúsið við Menningarhúsið Berg, t.d. með tengigangi.
- Húsið býður auðveldlega upp á miklar breytingar innanhúss þar sem burðurinn er allur í útveggjum hússins.
- Það er lyfta í húsnæðinu (þarfnast mögulega endurnýjunar).
- Býður upp á öðruvísi nálgun eða uppröðun safnanna (bókasafn, byggðasafn, héraðsskjalasafn) og hægt að skoða uppsetningu rýma í breiðara samhengi með aukna samnýtingu í huga.
- Möguleikar á samnýtingu varðveislurýma með listaverkasafni Dalvíkurbyggðar og skjalageymslu Héraðsskjalasafns Svarfdæla.
- Tenging við Berg gæti skapað tækifæri til að taka á göllum sem þegar eru á Bergi, litlar og óhentugar geymslur, jafnvel hægt að stækka bókasafnið eða breyta því með einhverjum hætti.
- Hægt að samnýta kaffistofu og starfsmannaaðstöðu með annarri starfsemi ráðhússins eða Menningarhúsinu Bergi.
- Í vinnustofum Gagarín kom það skýrt í ljós að allar menningareiningar Dalvíkurbyggðar væru mikilvægar og samnýting starfsfólks og reksturs þeirra væri ákjósanleg nálgun og gæti aukið rekstrarhæfi vegna smæðar samfélagsins.

Gallar:

- Önnur starfsemi Ráðhússins gæti raskast og mikilvægt að ná samkomulagi við aðra í húsinu.
- Eignarhald Ráðhússins er ekki í 100% eigu Dalvíkurbyggðar.
- Kostnaður gæti verið mikill. Kallar bæði á byggingarkostnað og breytingakostnað innanhúss.
- Fjarlægðin á milli ráðhúss og Bergs er talsverð þegar litið er til ofanjarðar tengingar.
- Huglægar tengingar við ráðhúsið miðast við stjórnsýslu, mikilvægt að skapa ný hugrenningatengsl.
- Varðveisluhúsnæði þyrfti helst að vera annar staðar þar sem það væri of mikil útlitsmengun að byggja stóran skála í miðbænum fyrir varðveisluhúsnæði og geymslan í kjallara ráðhússins er ekki nægilega stór fyrir stærstu munina auk þess sem aðgengi að henni er ekki kjörið fyrir stærri muni á brettum.

Óvissupættir

- Bílastæði og staðsetning þeirra.
- Áhrif á aðra starfsemi í Ráðhúsinu.
- Ekkert deiliskipulag í gangi fyrir þetta svæði.
- Óvíst hver áform Landsbankans eru á næstu árum og hvaða áhrif það myndi hafa ef Dalvíkurbyggð sækist eftir að kaupa þeirra hluta af húsinu.
- Óvíst hvernig safnastarf myndi ganga með annarri núverandi starfsemi Ráðhússins.
- Ef öryggisgeymslur eru í húsnæði þar sem önnur starfsemi fer fram þarf að huga sérstaklega að öryggismálum og annarri starfsemi í því húsnæði.

B - Nýbygging/ viðbygging við Berg

Reisa nýbyggingu vestan við Menningarhúsið Berg með tengigangi yfir í Berg eða byggja við Menningarhúsið (bókasafnið) til vesturs.

Hægt væri að ganga inn á safnið frá aðalinngangi Menningarhússins Bergs og jafnvel væri hægt að hafa annan inngang í vestur eða suður á nýbyggingu/viðbyggingu.

Kostir:

- Tækifæri til að skapa rými eftir þörfum og þarfagreiningu og leysa þar með fleiri vandamál er tengjast núverandi notkun á Bergi.
- Tenging/viðbygging við Berg gerir að verkum að ekki þarf að huga sérstaklega að sal fyrir gesti, viðburði, kaffihús, móttöku hópa og jafnvel lessal sem má samnýta með bókasafni.
- Auknir möguleikar á samnýtingu starfsmannaaðstöðu, kaffistofu, skrifstofum og annað er tilheyrir starfsmannahaldi.
- Í vinnustofum Gagarín kom það skýrt í ljós að allar menningar einingar Dalvíkurbyggðar væru mikilvægar og samnýting starfsfólks og reksturs þeirra væri ákjósanleg nálgun og gæti aukið rekstrarhæfi vegna smæðar samfélagsins.
- Ef við höfum húsið á tveimur hæðum væri hægt að nýta efri hæðina fyrir skrifstofur og þá hugsanlega skrifstofur fyrir fleiri svið Dalvíkurbyggðar.
- Býður upp á öðruvísi nálgun eða uppröðun safnanna (bókasafn, byggðasafn, héraðsskjalasafn) og hægt að skoða uppsetningu rýma í breiðara samhengi með aukna samnýtingu í huga.
- Menningarstofnanir sveitarfélagsins væru allar á sama svæði og óþarfi því minni líkur á að þær þurfi innbyrðis að „keppa“ um gesti og notendur.
- Staðsett miðsvæðis og stuðlar þannig að aukinni uppbyggingu miðbæjar á Dalvík.
- Ef húsið er staðsett á réttan hátt gæti myndast meiri veðursæld sunnan við Berg og möguleikar á því að skapa aðlaðandi útisvæði sunnan við Menningarhúsið.

- Húsið gæti verið 1,5 hæð - kjallari niðurgraffinn og þannig væri hægt að skerða dagsljós fyrir sýningarrými sem það þurfa.
- Miklir möguleikar á samnýtingu starfsfólks þar sem bókasafn og byggðasafn væri á sama stað. Þetta myndi þýða möguleika á samnýtingu starfsmanns í afgreiðslu á bókasafni og sýningagæslu. Auknir möguleikar fólgnir í því að ráða almenna starfsmenn og því frekar hægt að auka við sérfræðistörf.
- Byggðasafnið myndi falla að nú þegar mótaðri miðju samfélagsins sem hefur tekist vel að skapa í gegnum Menningarhúsið Berg.
- Fanney Hauksdóttir arkitekt Menningarhússins Bergs hefur lýst yfir áhuga, samþykki og samstarfsvilja við að þróa áfram þessa hugmynd án þess að fara fram á að hún verði að vera sú sem hannar viðbygginguna. Vill þó fá að heyra af breytingum ef af þeim verður.
- Byggingarreiturinn sem Menningarhúsið Berg stendur á var á sínum tíma hafður vísitandi mjög rúmur með möguleika á stækkun að leiðarljósi.
- Möguleikar á að hafa opinn hug gagnvart tengingu við Ráðhúsið í framtíðinni.
- Viðbygging við Berg gæti skapað tækifæri til að taka á göllum sem eru þegar á Bergi, litlar og óhentugar geymslur, jafnvel hægt að stækka bókasafnið eða breyta því.

Gallar:

- Húsin liggja þétt saman og breyta þyrfti göngustíg sem er mikið notaður af bæjarbúum.
- Kostnaður gæti verið mikill. Kallar bæði á byggingarkostnað og breytingakostnað innanhúss.
- Varðveisluhúsnæði þyrfti helst að vera á öðrum en viðbygging/nýbygging þar sem það væri of mikil útlitsmengun að byggja stóran skála í miðbænum fyrir varðveisluhúsnæði.

Óvissupættir:

- Bílastæði og staðsetning þeirra.
- Ekkert deiliskipulag í gangi fyrir þetta svæði.
- Ef öryggisgeymslur eru í húsnæði þar sem önnur starfsemi fer fram þarf að huga sérstaklega að öryggismálum og annarri starfsemi í húsinu.

C - Gamli skóli

Byggðasafnið fer í gamla skóla, þar væri hægt að setja upp friðlandsstofu og fuglasýningu og hugsanlega nýta einhver rými til annarra verkefna líkt og lagt var upp með árið 2019-20?.

Kostir

- Stórt og mikið húsnæði í eigu sveitarfélagsins og ríkis með dýrmæta og langa sögu sem vert er að varðveita. Ríkið hefur samþykkt að gefa eftir sinn hluta sé húsið að nýtt í verkefni í þágu samfélagsins.
- Að gera upp Gamla skóla sem safnahús myndi það eyða óvissu um framtíð hússins.
- Hollvinir Gamla Skóla hafa boðið fram aðstoð við uppbyggingu með vinnuframlagi.
- Tenging við Dalvíkurskóla og eykur líkur á öfluglu samstarfi skóla og safna.
- Tenging við friðlandið og góð staðsetning sem friðlandsstofa.
- Tekur á móti öllum þeim sem koma inn í bæinn úr suðri og grípur alla sem keyra í gegnum bæinn frá norðri.
- Mikið rými sunnan við húsið sem býður upp á skemmtileg tækifæri fyrir útisvæði og tengingu við skólalóðina
- Skapar tækifæri á útsýningum á lóðinni umhverfis húsnæðið.
- Stór og góð bílastæði fyrir framan húsið.
- Möguleikar á breytilegum sýningarrýmum sem gæti verið tileinkuð gestasýningum frá fjölbreyttum söfnurum samfélagsins.

Gallar

- Það liggur fyrir að húsnæðið þarfnast verulegra endurbóta sem gætu verið kostnaðarsamar.
- Það þarf að setja lyftu í húsið og tryggja aðgengi.
- Ekki nást samlegðaráhrif á milli menningarstofnana varðandi starfsmannahald og rekstur. Þá myndi bætast ný starfsstöð með tilheyrandi rekstri, launakostnaði og aukningu á stöðuhlutföllum.
- Þó svo að húsnæðið sé stórt í fermetrum væri ekkert augljóst rými hægt að nýta sem varðveisluaðstöðu innanhúss og þyrfti því alltaf að hafa hana á öðrum stað eða fórna öðrum verðmætum sýningarrýmum.

Óvissuþættir

- Bílastæðamál, þyrfti að vera skýrt hvaða bílastæði tilheyra hverri stofnun.
- Það þyrfti að tryggja með öllum mætti að búið væri að útrýma allri myglu og gulltryggja að hún taki sig ekki upp að nýju.
- Óvissa varðandi húsnæðisþörf Dalvíkurskóla í framtíðinni með aukningu nemenda, bæði á leik- og grunnskólastigi. Vinnuhópur telur mikilvægt að þarfagreina rýmisþörf skólastofnana áður en farið er í kostnaðarsamar aðgerðir til að aðlagða bygginguna að safnastarfi til framtíðar.

D - Gamla frystihúsið

Kaldbakur fjárfestingafélag myndi kosta breytingar á Gamla frystihúsinu. Lagt er upp með metnaðarfulla framtíðarsýn sem myndi hýsa fjölbreytta starfsemi, m.a. Byggðasafn Dalvíkurbyggðar - Sýningarrými og varðveislurými

Kostir

- Stórt og mikið húsnæði með mikla og langa sögu og fjölmargir íbúar hafa tengingu við.
- Tækifæri til að skapa rými eftir þörfum og þarfagreiningu í samstarfi við Kaldbak og arkitekta sem gera lokaðeikningar að húsinu.
- Ef áætlanir ganga upp verður fjölbreytt starf í húsinu sem laðar að mismunandi gesti og eykur líf í húsinu.
- Möguleikar á samnýtingu starfsmannaaðstöðu, kaffiaðstöðu, skrifstofa og annað er tilheyrir starfsmannahaldi með annarri starfsemi hússins. Að því gefnu að slík aðstaða væri hönnuð inn í rýmið.
- Sýningarrými og varðveislustaður gæti verið á sama stað sem er mikill kostur þegar það eru ekki fleiri stöðuhlutföll á stofnuninni en raun ber vitni.
- Staðsett miðsvæðis og stuðlar þannig að uppbyggingu miðbæjar á Dalvík.
- Tækifæri á að skapa skemmtilegt útsvæði og tenginu við aðra starfsemi í húsinu.
- Skapar möguleika á margvíslegu samstarfi við aðra starfsemi hússins.
- Stórt bílastæði sem getur tekið á móti rútum og auðveldar þannig samstarf við ferðaþjónustufyrirtæki sem heimsækja Norðurland.
- Kaldbakur myndi kosta framkvæmdirnar og Dalvíkurbyggð þyrfti þá ekki að skulðsetja sig við framkvæmdir heldur gera leigusamning til lengri tíma.

Gallar

- Ekki nást samlegðaráhrif á milli menningarstofnana varðandi rekstur og starfsmannahald. Það myndi bætast við ný starfsstöð með tilheyrandi rekstrar-, launakostnaði og aukningu á stöðuhlutföllum.
- Óvíst hvernig myndi ganga að fá aðra starfsemi í húsið og hvernig hún myndi falla að safnastarfi.
- Það þyrfti að vera skýrt í leigusamningi að Byggðasafni Dalvíkurbyggðar sé í sjálfval sett hvernig sýningar það setur upp.

Óvissupættir

- Getur skapað óöryggi að sveitarfélagið eigi ekki sjálft húsnæðið sem það hefur athvarf í. Mikilvægt að hafa örugga búsetu til margra ára.
- Óvíst hvað Kaldbakur væri tilbúinn til að gera langan leigusamning við sveitarfélagið.
- Rekstrarfyrirkomulag hússins liggur ekki fyrir og eins er óvitað hversu há húsaleiga gæti verið. Gera má ráð fyrir verulegri upphæð miðað við kostnað við uppbyggingu.
- Óvíst hvort fyrirætlanir Kaldbaks verði yfir höfuð að veruleika. Kaldbakur vill fá viljayfirlýsingu frá Dalvíkurbyggð um að vera stór hluti leigurýma áður en þeir ákveða hvort verkefnið fari í framkvæmd eða ekki.

Niðurstöður og mat vinnuhóps

Það er augljóst að allir þeir valmöguleikar sem eru til skoðunar hafa bæði kosti og galla sem vert er að velta upp. Enn loða margir óvissupættir við marga valkosti sem vinnuhópur telur veikja stöðu þeirra sem raunhæfir valkosti til framtíðar.

Eftir að hafa velt upp öllum valkostum og sett þá í matrixu, þar sem kostir eru metnir út frá ákveðnu vægi er vinnuhópurinn sammála um að leggja til við Byggðarráð og Sveitastjórn að valkostur **B - Nýbygging/ viðbygging við Berg** verði fyrir valinu og sá möguleiki verði skoðaður með ásetning.

Helstu matsþættir	Hagkvæmni/samlegð í rekstri fasteignar	Hagkvæmni/samlegð í starfsmannahaldi	Sýningarrými og varðveislustaður á sama stað	Auðvelt að laga rými að þörfum safnsins	Tengingar við aðrar stofnanir Dalvíkurbyggðar	Stuðlar að sterkara miðbæjarsvæði á Dalvík	Aðgengi fyrir almenning	Sýnileiki fyrir ferðamenn	Uppbygging byggðasafns óháð framkvæmdum einkaaðila	Stuðlar að varðveistu eldra húsnæðis og byggðasögu	Einkunn valkosta
A - Ráðhús	5	4	3	3	5	4	5	4	5	2	155
B - Berg - viðbygging	5	5	3	5	5	5	5	5	5	1	174
C - Gamli skóli	1	1	3	3	3	1	4	4	4	5	100
D - Gamla Frystihúsið	1	1	2	3	1	3	4	4	1	4	92
Vægi matsþátta	5	5	3	4	2,5	5	5	3,5	2,5	2,5	

Vinnuhópurinn metur valkost B vera raunsæjan og heppilegan með tilliti til hagkvæmni í rekstri (þ.m.t. starfsmannahald og aukin samlegðaráhrif), staðsetningu, uppbyggingu miðbæjar á Dalvík og áframhaldandi uppbyggingu á öfluglu menningarlífi í Dalvíkurbyggð. Valkostur B hefur einnig fæsta utan að komandi óvissupætti sem verkefnið gæti staðið og fallið með.

Vinnuhópurinn leggur til að hafist verði handa við undirbúning strax á þessu ári þar sem vitað er að viðeigandi skipulagsferill tekur langan tíma og nauðsynlegt gæti reynst að kalla fleiri að borðinu og kynna ákvarðanir vel til samfélagsins.